



Vestmannaeyjabær  
Dagný Hauksdóttir  
Kirkjuvegi 50 Pósthólf 60  
900 VESTMANNÆYJAR

Garðabær, 12. maí 2026  
Málsnúmer: 202604-0006/-0007  
IAS

**Efni: Stækkun á iðnaðarsvæði I3 í Viðlagafjöru. Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag.**

Vísað er til tveggja erinda Vestmannaeyjabæjar frá 9. apríl 2026 þar sem óskað er umsagna Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna stækkunar iðnaðarsvæðis í Viðlagafjöru.

Um er að ræða stækkun á núverandi iðnaðarsvæði til að auka við athafnasvæði fiskeldis sem þar er starfrækt. Stækkunin nær yfir meginhluta efnistökusvæðis sem er nyrst í Viðlagafjöru. Laxey hf. áformar að auka framleiðslugetu landeldisstöðvar úr 11.500 tonnum í 42.000 tonn á ári og reisa seiðaeldisstöð á svæðinu auk annarra mannvirkja sem tengjast starfsemi fiskeldisins. Breyting á aðalskipulagi er unnin samhliða breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins. Breytingin felur í sér fjölgun lóða og auknar byggingarheimildir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og nýtt deiliskipulag og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Stækkunin er að nær öllu leyti á röskuðu svæði þar sem efnistaka hefur verið stunduð um nokkurt skeið úr eldhrauni sem rann til sjávar í gosinu 1973 og úr seti í Viðlagafjöru. Svæðið er umkringt afar merkilegum jarðminjum sem hafa hátt verndargildi og landslag er að mörgu leyti einstakt hérlendis enda fáir staðir þar sem jafn nýleg hraun hafa runnið til sjávar. Ljóst er að bæði stækkun fiskeldisins og seiðaeldi á nýjum stað munu þrengja að svæðum sem eru á náttúruminjasrá og hverfisvernduð, þetta á sérstaklega við hverfisverndarsvæði HV-6 (Þorbjörn) og HV-27 (Urðarviti). Þó að ekki sé farið inn fyrir mörk verndarsvæðanna þá geta framkvæmdirnar valdið rofi innan verndarsvæðanna.

Ekkert er minnst á fugla í greinargerðunum en að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að sett verði inn ákvæði um að svæðið verði vakt að ungatíma (byrjun ágúst til loka nóvember) og að lundapysjum og ungum annarra sjófugla sem flækjast inn á svæðið verði komið til sjávar.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur